

Umsögn

Í heiminum eru hundruð milljóna fólks sem er til í að leggja mikið á sig til að ná búsetu í vestrænum velferðarríkjum eins og Íslandi. Á síðustu áratugum hafa tækifærin til að gera þetta aukist stórlega. Er það einkum vegna samgöngubóta, viðhorfsbreytinga, lagabreytinga og breyttrar framkvæmdar laga. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Milljónir manna frá fátækari hlutum heimsins hafa lagt á sig dýrt, erfitt og jafnvel hættulegt ferðlag til að setjast að í ríkari löndum þar sem þeir telja lífsskilyrði betri.

Afar mikilvægt er að átta sig á því að meginástæða þessara fólksflutninga eru ekki hörmungar á einstökum svæðum, styrjaldir, hungursneyðir eða ofsóknir. Meginástæðan fyrir fólksflutningum nútímans er sú sama og ráðið hefur fólksflutningum í heiminum í árþúsundir; innflytjendur eru einfaldlega að leita sér að betra og auðveldara lífi. Þetta er efnahagsleg ástæða. Þess vegna munu fólksflutningarnir ekki stöðvast fyrr en væntanlegur ábati af ferðinni verður lægri en væntanlegur kostnaður.

Miðað við þann mikla fjölda fólks sem vill gerast innflytjendur í vestrænum ríkjum er Ísland mjög mannfátt. Það er enginn vafi á því að ef dyr væru hér nægilega opnar myndu hundruð þúsunda, jafnvel milljónir taka því fegins hendi að fá búseturétt á Íslandi. Slíkt innflæði myndi ekki stöðvast fyrr en lífskjör hér á landi væru komin niður undir það nú er í fátækari hluta heimsins. Við slíkar aðstæður yrði lítið eftir af íslenskri menningu og þjóðargildum.

Um árabíl hafa kjörnir fulltrúar þjóðarinnar annaðhvort ekki áttað sig á þessum staðreyndum málsins eða skellt skollaeyrum við þeim. Afleiðingin hefur verið innflæði útlends fólks af alls kyns toga og menningu sem nemur nú á tiltölulega fáum árum verulegum hlut þjóðarinnar. Ég hygg að fáar vesturlandaþjóðir hafi tekið við svo stóru hlutfalli innflytjenda á svo skömmum tíma. Samfélagslegar og efnahagslegar afleiðingar þessa mikla innflutnings eru þegar farnar að koma fram og munu gera það í enn ríkari mæli á komandi árum eins og reynsla annarra þjóða sýnir.

Frumvarp það sem hér er kynnt felur í sér vissa viðleitni til að hamla á móti þessari þróun. Því ber að fagna. Það gengur hina vegar að mínu viti allt of skammt í þessu efni. Hagmunir Íslendinga og þeirra innflytjenda sem þegar eru komnir til landsins og jafnvel þeirra sem eftir eiga að koma eru að skynsamlegri stjórn verði komið á flæði innflytjenda til landsins og tala innflytjenda verði takmörkuð við það sem samræmst getur sæmilegum félagslegum og efnahagslegum stöðugleika í landinu. Frumvarpið er skref í þessa átt. Vonandi koma stærri skref í framhaldinu.

Ragnar Árnason
Prófessor emeritus